



Samráðsgátt

Reykjavík 20. mars 2023
Tilvísun: 202303-0004 / 0.11.2

Efni: Til umsagnar í Samráðsgátt - Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn lýsir ánægju með drög að tillögu til þingsályktunar um **stefnumótandi aðgerðir** til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Nauðsynleg undirstaða þekkingarsamfélags er aðgangur að þeirri þekkingu sem þegar er til, og að niðurstöður rannsókna og rannsóknagögn séu varðveitt og viðhaldið. Niðurstöðurnar geta verið aðgengilegar m.a. á bókasöfnum, og í stafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Á seinni árum hefur einnig verið lögð áhersla á að varðveita grunnöggnin sjálf, sem verða m.a. til við vöktun og söfnun, í sérstökum gagnagrunnum.

Afar mikilvægt er því að starfsfólk háskóla og rannsóknastofnana hafi næga fjármuni til að kaupa aðgang að viðurkenndum gagnagrunnum og ritrýndum vísindatímaritum sem birta niðurstöður rannsókna. Einnig er mikilvægt að niðurstöður íslenskra rannsókna séu gerðar aðgengilegar, bæði með birtingum í erlendum vísindatímaritum, en ekki síður að þær séu einnig birtar á íslensku, í íslenskum vísindatímaritum og séu öllum aðgengilegar og tryggja þannig jöfn tækifæri óháð búsetu.

Því er afar mikilvægt að leggja áherslu á og tryggja nægjanlegt fjármagn til eftirfarandi atriða, annað hvort innan bókasafna háskóla og rannsóknastofnana, eða á landsvísu:

- **Áskriftir að erlendum vísindatímaritum**
Tryggja þarf bókasöfnum háskóla og rannsóknastofnana nægilegt fjármagn til að kaupa aðgang að sérhæfðum innlendum og erlendum vísindatímaritum og gagnasöfnum.
- **Landsaðgangur að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum**
Tryggja þarf miðlæga fjármögnun áskrifta þeirra erlendu tímarita- og gagnasafna, sem eru í Landsaðgangi (þ.e. efnið er aðgengilegt íslenskum IP tölum og tryggir aðgang óháð búsetu).
- **Opinn aðgangur að rannsóknaniðurstöðum og rannsóknagögnum og opin vísindi**
Ljúka þarf mótun stefnu Íslands um Opinn aðgang (OA) og Opin gögn, þannig að niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru af opinberu fé verði sýnilegar og aðgengilegar, og að þær verði birtar í opnum aðgangi, bæði vísindagreinir og rannsóknargögn sem verða til, m.a. til endurnýtingar. Slík stefna er nú þegar í vinnslu á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-

ráðuneytisins og þarf að ljúka henni sem fyrst. Nýlega var haldin vinnustofa um opin vísindi á vegum sama ráðuneytis. Mikilvægt er að halda þessari vinnu áfram af fullum krafti.

- **Rannsóknasafnið ÍRIS**

Rannsóknasafnið IRIS (iris.ra.is) var opnað í júní 2022. Kerfið sýnir rannsóknarvirkni íslenskra háskóla og stofnana sem eiga aðild að kerfinu. Þar má einnig skoða rannsóknarvirkni einstaklinga, og samfélagslega dreifingu þekkingar sem verður til við rannsóknir á Íslandi. Virknina má sjá hjá rannsakendum, stofnunum og fræðigreinum sem og í samstarfi fræða-, lista- og vísindafólks í alþjóðlegu samhengi. IRIS upplýsingakerfið er í þróun og mun taka breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram, þ.m.t. íslensk þýðing kerfisins. Verkefnið fékk í byrjun árs styrk úr sjóðnum *Samstarf háskóla* á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytisins, til að setja inn upplýsingar um íslenskar rannsóknir aftur í tímann og verður unnið að því næstu tvö árin. Fjölga þarf íslenskum rannsóknastofnunum í IRIS og tryggja reksturinn betur.

- **Open Journal Systems**

Styrkja þarf útgáfu rafræna íslenskra vísindatímarita í opnum aðgangi, bæði þeirra sem gefin eru út á íslensku og á ensku. Mikilvægt er að koma þeim í rafrænt form og halda utan um þau í gegnum kerfið eins og Open Journal Systems, sem fjölmargir háskólar um allan heim nota. Kerfið er nú notað í einfaldri mynd við Háskóla Íslands.

- **Sameiginlegt bókasafnskerfi**

Þá má benda á mikilvægi þess að í landinu er rekið eitt bókasafnskerfi *Gegnir* og sameiginleg leitarvél *Leitir*, fyrir öll bókasöfn á Íslandi. Mikil samlegðaráhrif felast í slíkum samrekstri, sem er á vegum Landskerfis bókasafna, en það er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins.

- **Aukin stafvæðing**

Frá því fyrir aldamót hefur Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn staðið fyrir stafvæðingu íslensks menningar- og vísindaarfs á pappír. Þar má nefna stafræna endurgerð á útgefnu íslensku efni, s.s. bókum, tímaritum, skýrslum, en einnig hljóði og tónlist. Safnið rekur nokkra vefi, þar sem slíkt efni er aðgengilegt öllum, s.s. timarit.is, bækur.is, hljodsafn.is og islandskort.is. Sumt af því efni er einnig aðgengilegt á menningargáttinni Europeana.eu.

- **openaccess.is**

Lbs-Hbs rekur vefinn www.openaccess.is sem er upplýsingavefur um opinn aðgang á Íslandi.

Landsbókasafn – Háskólabókasafn settir sér stefnu á síðasta ári undir heitinu [Þekkingarveita í allra þágu](#), og tekur hún til ára 2023 – 2027. Þar kemur m.a. fram að stefnt er að áframhaldandi þróun og nýsköpun á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar og að safnið vill vera í fararbroddi um miðlun og opið aðgengi að stafrænu efni fyrir alla landsmenn. Starfsfólk safnsins lýsir því ánægju með þingsályktunartillöguna um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi og er tilbúið til samstarfs.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður